

Skólaráðsfundur

haldinn 30.10.2013

Mætt: Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri, S. Fjóla Mikaelsdóttir fulltrúi foreldra, Þórey B.

Þórisdóttir fulltrúi foreldra, Hugufrún Thorlasius fulltrúi annars starfsfólks, Sindri B. Sigurðsson fulltrúi nemenda og Eydís L. Kristínardóttir fulltrúi nemenda. Kristján Meldal fulltrúi kennara og Málfríður M. Finnsdóttir fulltrúi starfsfólks leikskóla boðuðu forföll vegna veikinda.

1. **Reglugerð um skólaráð.** Skólastjóri fór yfir reglugerð fyrir skólaráð með nýjum meðlimum. Einnig lagði skólastjóri fram starfsáætlun sem gerir ráð fyrir fimm fundum yfir skólaárið hjá skólaráði. Reglugerð hafði verið send með fundarboði.
 2. **Verklagsreglur vegna manneklu í leikskóla.** Drög að verklagsreglunum fylgdi fundarboði. Skólastjóri gerði grein fyrir tilurð reglnanna og nauðsyn þeirra. Skólaráð gerir engar athugasemdir við drögin en bendir á gagnsemi þess að þau verði send foreldrum í pappírformi.
 3. **Verklagsreglur Auðarskóla um tilkynningarskyldu starfsmanna Auðarskóla til barnaverndaryfirvalda.** Drög af reglunum fylgdu fundarboði. Nokkur umræða varð í skólaráði um málaflokkinn en ráðið gerir ekki athugasemdir við drögin.
 4. **Breyting á skólareglum.** Skólastjóri fór yfir beiðni stjórnar nemendafélags Auðarskóla um að tyggjó verð leyft í skólanum með skilyrðum. Skólaráð mælir með því að skólastjóra að hann heimili tyggjó tímabundið á elsta stigi í samráði við nemendafélag skólans að uppfylltum ákveðnum reglum.
5. **Önnur mál.**
1. Ábending foreldrafulltrúa um að heimasíða skólans sé orðin flókin og erfitt sé að finna þar efni.
 2. Ábending foreldrafulltrúa um að á eyðublaði til innritunar á leikskóla vanti möguleika á að skrifa aukaaðila, sem hægt sé að ná á ef foreldri er vant við látið.
 3. Foreldrafulltrúi með fyrirspurn um heimanám á yngsta stigi og hugsanlegt misvægi þar.
 4. Nemendur með fyrirspurn um útifatnað og derhúfur. Velta fyrir sér hvaða reglur gildi um slíkt í skólastofum. Skólastjóri vísar í skólareglur.

Eyjólfur Sturlaugsson ritaði fundargerð.